



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Reykjavík, 6 nóvember 2018
VEL2018090005
341. fundur
RÁ/at

Lagt fyrir fund velferðarráðs 7. nóvember 2018

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks um brotthvarf Prime Tours úr akstursþjónustu fatlaðs fólks

Forsaga:

Á fundi velferðarráðs þann 24. október 2018 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

Hvernig mun velferðarsvið bregðast við brotthvarfi Prime Tours úr ferðaþjónustu fatlaðra? Alls detta 15 bílar í ferðaþjónustunni út, þar af 10 fyrir fólk sem notar hjólastól.

Greinargerð:

Sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins (Kópavogur undanskilinn) undirrituðu samkomulag um sameiginlega ferðaþjónustu 19. maí 2014. Í samkomulaginu er Strætó bs. falinn rekstur og framkvæmd á þjónustunni. Strætó bs. ber þannig m.a. ábyrgð á samningum við verktaka og eftirliti með þeim.

Samkvæmt upplýsingum frá Strætó bs. hefur Prime Tours, einn af þeim verktökum sem Strætó bs. hefur verið með samning við um akstur fyrir fatlað fólk, verið tekið til gjaldþrotaskipta og var skipaður skiptastjóri með þrotabúinu. Strætó bs. hefur skipulagt þjónustuna frá degi til dags þannig að hún uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar þrátt fyrir gjaldþrot Prime Tours.

Í kjölfar gjaldþrotsins óskaði skiptastjóri þrotabúsins eftir samþykki Strætó bs. á framsali rammasamnings til annars rekstraraðila, Far-vel ehf, sem gert hafði tilboð í rekstrarvagna þrotabúsins og boðið starfsfólki þess áframhaldandi starf. Fyrir liggur að Far-vel ehf. fullnægir öllum hæfisskilyrðum rammasamningsins og hefur því stjórn Strætó bs. samþykkt erindi skiptastjóra um framsal samningsins fyrir sitt leyti.

Strætó bs. telur að með þessu hafi farþegum í akstursþjónustu fatlaðs fólks verið tryggð fullnægjandi þjónusta út gildistíma rammasamningsins sem er til ársloka 2019.